



## FJÖLMIÐLANEFND

10. mars 2026  
Ákvörðun nr. 2/2026

### Sýning á efni sem ekki er við hæfi barna fyrir vatnaskil á sjónvarpsstöðinni SÝN

#### I. Kvörtun og málsmeðferð

##### 1.

Fjölmiðlanefnd barst kvörtun þann 31. júlí 2025 sem laut m.a. að því að Sýn hf. (hér eftir Sýn) hefði sýnt tiltekið sjónvarpsefni sem ekki væri við hæfi barna fyrir vatnaskil á sjónvarpsstöðinni SÝN. Í kvörtuninni kom fram að rannsaka yrði hvort slíkt bryti gegn ákvæðum laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (hér eftir lög um fjölmiðla) um vernd barna gegn skaðlegu efni.

Í erindi Fjölmiðlanefndar til Sýnar, dags. 19. september 2025, var vísað til þess að það hefði vakið athygli nefndarinnar að samkvæmt dagskrá sjónvarps Sýnar hefði þáttur í þáttaröðinni *Knutby* verið sýndur á sjónvarpsstöðinni SÝN þann 31. ágúst 2025 kl. 20:40, þáttur í þáttaröðinni *Grantchester* verið sýndur þann 1. september 2025 kl. 20:20 og þáttur í þáttaröðinni *S.W.A.T.* verið sýndur þann 4. september kl. 20:15. Í bréfinu var sérstaklega tekið fram að umræddar þáttaraðir hefðu fengið aldursmerkinguna „12“ samkvæmt hollenska aldursmatskerfi Kijkwijzer, þ.e. ekki við hæfi barna yngri en 12 ára. Óskaði Fjölmiðlanefnd eftir sjónarmiðum Sýnar vegna ætlaðra brota gegn 28. gr. laga um fjölmiðla, um vernd barna gegn skaðlegu efni, með miðlun á framangreindu myndefni fyrir vatnaskil, þ.e. fyrir kl. 21 umrædd kvöld, sbr. a-lið 2. mgr. 28. gr. laganna. Með bréfinu fylgdu skjáskot af sýningartíma umræddra þátta í dagskrá Sýnar. Þess var óskað að svör Sýnar myndu berast eigi síðar en 3. október 2025. Með bréfi, dags. 6. október 2025, var framangreint erindi Fjölmiðlanefndar ítrekað.

Í svarbréfi Sýnar, dags. 6. október 2025, kom m.a. fram að fjölmiðlaveitan legði ríka áherslu á að starfa í fullu samræmi við ákvæði laga um fjölmiðla með sérstakri áherslu á þá mikilvægu skyldu að vernda börn gegn skaðlegu efni. Sýn væri kunnugt um og leitaðist við að virða að fullu vatnaskilaákvæði a-liðar 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla og túlkun Fjölmiðlanefndar þess efnis að efni með aldursmerkinguna „12“ eða hærra skyldi ekki sýnt fyrir kl. 21 á virkum dögum. Dagskráin sem fram kæmi á syn.is væri með áætluðum dagskrártímum. Þeir tímar gætu breyst eftir því hversu langur fréttatími, íþróttir og *Ísland í dag* væru, sem og eftir því hversu mikil



## FJÖLMIÐLANEFND

auglýsingasala væri. Breytingarnar gætu numið 5-15 mínútum. Raun dagskrártímar kæmu fram í „As run“ gögnum daginn eftir. Því næst var í bréfinu vísað til eftirfarandi töflu með áætluðum og raun dagskrártímum framangreindra þátta.

<b>Dagskrárliður</b>	<b>Dags.</b>	<b>Áætlaður tími</b>	<b>Rauntími</b>
Knutby	31. ágúst 2025	20:40	20:55
Grantchester	1. september 2025	20:20	20:25
S.W.A.T.	4. september 2025	20:15	20:05

Í bréfi Sýnar kom einnig fram að framangreindar þáttaraðir fælu ekki í sér efni sem teldist sérlega íþyngjandi eða hættulegt börnum, heldur efni sem hlotið hefði aldursmerkinguna „12“, m.a. vegna þema, söguþráðar eða vægra atriða sem gætu vakið ótta eða ekki hentað yngri börnum.

Í bréfi Sýnar sagði enn fremur að í kjölfar erindis Fjölmiðlanefndar hefði fjölmiðlaveitan farið yfir verklagsreglur sínar hvað varðar aldursgreiningu og gripið til tiltekinna aðgerða. Í því sambandi hefði Sýn styrkt verklag við aldursmerkingar. Aldursmat á öllum innfluttum þáttum yrði tvítryggt, annars vegar af framleiðsludeild og hins vegar af dagskrárdeild áður en efni færi í útsendingu. Einnig yrðu útsendingartímar á efni með aldursmerkinguna „12“ eða hærra læstir svo ekki væri hægt að færa útsendingartíma fyrir vatnaskil. Þá hefði átt sér stað upprifjun á verklagi við aldursmerkingar fyrir starfsfólk.

Í lok bréfsins kom fram að Sýn ítrekaði að vernd barna væri og yrði forgangsmál í starfsemi fjölmiðlaveitunnar. Sýn liti á eftirlit Fjölmiðlanefndar sem mikilvægan þátt í að viðhalda háum kröfum á íslenskum fjölmiðlamarkaði og treysti því að skýringar og aðgerðir fjölmiðlaveitunnar sýndu fram á einlægan vilja til að fylgja lögum og reglum í hvívetna.

Málið var lagt fyrir Fjölmiðlanefnd á fundum hennar 9. október og 13. nóvember 2025. Með bréfi, dags. 25. nóvember 2025, óskaði Fjölmiðlanefnd eftir afriti af ofangreindum þáttum. Með bréfi Sýnar, dags. 1. desember 2025, barst tengill á þá þætti sem beðið var um.

## 2.

Fjölmiðlanefnd sendi frummat til Sýnar 18. febrúar 2026. Í því fór Fjölmiðlanefnd yfir helstu málsatvik og lagasjónarmið sem máli skiptu við mat á því hvort Sýn hefði brotið gegn 1. og 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla um vernd barna gegn skaðlegu efni með miðlun á framangreindu



## FJÖLMIÐLANEFND

sjónvarpsefni, sem ekki væri talið við hæfi barna yngri en 12 ára, fyrir vatnaskil á sjónvarpsstöðinni SÝN. Þar kom fram það frummat Fjölmiðlanefndar að Sýn hefði brotið gegn 1. og 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla með því að sýna þátt úr þáttaröðinni *Knutby* sunnudaginn 31. ágúst 2025 kl. 20:55, þátt úr þáttaröðinni *Grantchester* mánudaginn 1. september 2025 kl. 20:25 og þátt úr þáttaröðinni *S.W.A.T.* fimmtudaginn 4. september 2025 kl. 20:05, enda hefði verið óheimilt að miðla umræddu myndefni, sem ekki væri talið við hæfi barna yngri en 12 ára, fyrr en eftir kl. 21 á þessum dögum, sbr. a-lið 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla. Fram kom að Fjölmiðlanefnd vildi veita Sýn færi á að koma á framfæri frekari skýringum og sjónarmiðum vegna málsins áður en komist yrði að endanlegri niðurstöðu. Þess var óskað að sjónarmið Sýnar bærust eigi síðar en 27. febrúar 2026.

Í svarbréfi Sýnar, dags. 27. febrúar 2026, kom m.a. fram að dagskrártímar sem birtast fyrirfram í dagskrá Sýnar væru áætlaðir tímar. Raunútsendingartímar gætu tekið breytingum og réðust m.a. af lengd fréttu, íþróttæfnis, dagskrárliðarins *Íslands í dag* og umfangi auglýsingasölu hverju sinni. Af fyrirliggjandi gögnum mætti ráða að umræddir þættir hefðu farið í loftið á tímabilinu kl. 20:05-20:55, þ.e. innan við klukkustund fyrir vatnaskil. Um væri að ræða frávík sem næmu mínútum en ekki klukkustundum.

Jafnframt sagði í bréfi Sýnar að umræddir þættir hefðu hlotið aldursmerkinguna „12“ samkvæmt hinu viðurkennda Kijkwijzer-kerfi. Um væri að ræða almennt dramatískt og spennuþrungnið sjónvarpsefni sem félli ekki undir „alvarlega skaðlegt“ efni, svo sem efni sem fæli í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi, heldur væri einungis um að ræða efni sem metið væri óviðeigandi fyrir yngri börn, m.a. vegna þema eða orðbragðs. Engin vísbending lægi fyrir um að sýning umræddra þátta á þessum tíma hefði valdið raunverulegu tjóni eða skapað alvarlega hættu fyrir börn.

Þá kom fram í bréfi Sýnar að um væri að ræða óviljandi tæknilegt frávík í dagskrárstýringu, en alls ekki meðvitaða ákvörðun eða ásetning um að víkja frá vatnaskilaákvæði laga um fjölmiðla. Enginn fjárhagslegur ávinningur hefði hlotist af þessu frávíki af hálfu fjölmiðlaveitunnar. Í kjölfar erindis Fjölmiðlanefndar hefði Sýn brugðist tafarlaust við og innleitt kerfisbundnar og varanlegar úrbætur sem tryggðu að sambærilegt atvik gæti ekki endurtekið sig. Sýn hefði nú breytt verkferlum sínum á þann veg að dagskrárliðir sem háðir væru aldurstakmörkunum og heyrðu undir vatnaskilaákvæðið væru læstir í útsendingarkerfum fjölmiðlaveitunnar með upphafstíma kl. 21. Þetta þýddi að kerfið kæmi í veg fyrir að starfsmenn í útsendingarferlinu gætu óvart hliðrað eða fært upphafstíma slíkra þátta fram fyrir vatnaskil, óháð því hvort aðrir dagskrárliðir á undan hefðu reynst styttri en áætlað hefði verið. Sýn ítrekaði að vernd barna gegn skaðlegu efni væri mikið forgangsmál í allri starfsemi fjölmiðlaveitunnar. Sýn legði ríka áherslu á að viðhalda öflugu innra



## FJÖLMIÐLANEFND

eftirliti og fylgja í hvívetna ákvæðum laga um fjölmiðla. Fjölmiðlaveitan teldi að með ofangreindum tæknilegum úrbótum væri girt fyrir að mistök af þessum toga endurtækju sig. Með hliðsjón af framangreindu teldi Sýn að um væri að ræða óverulegt brot í skilningi 6. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla og fullnægjandi væri að ljúka málinu með áliti án sektarákvörðunar.

Svarerindi Sýnar við frummati Fjölmiðlanefndar var lagt fyrir á fundi nefndarinnar þann 6. mars 2026. Þar var samþykkt að gefa út ákvörðun í málinu vegna brots Sýnar gegn 1. og 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla.

### II. Niðurstaða Fjölmiðlanefndar

#### 1.

Börn eiga rétt á því að njóta öryggis og verndar gegn skaðlegu efni í fjölmiðlum. Í 28. gr. laga um fjölmiðla er fjallað um vernd barna gegn skaðlegu efni. Í ákvæðinu er gerður greinarmunur á efni sem getur haft *skaðvænleg áhrif* og *alvarleg skaðvænleg áhrif* á líkamlegan, andlegan og siðferðilegan þroska barna.

Ákvæði 28. gr. laga um fjölmiðla um vernd barna gegn skaðlegu efni er byggt á sambærilegu ákvæði í hljóð- og myndmiðlunartilskipun Evrópusambandsins 2010/13/ESB, með síðari breytingum, sbr. nú ákvæði 6. gr. a í tilskipuninni. Hefur Ísland skuldbundið sig til að innleiða tilskipunina og tryggja að eftirlit sé haft með henni á grundvelli EES-samningsins. Ákvæði tilskipunarinnar fela í sér lágmarksreglur en aðildarríkjunum er heimilt að setja strangari reglur á grundvelli hennar.

Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. laganna er fjölmiðlaveitu sem miðlar hljóð- og myndefni óheimilt að miðla efni, þar á meðal hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni, sem getur haft skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi efni sem felur í sér klám og tilefnislaust ofbeldi.

Í athugasemdum við 28. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla kemur fram að ekki sé unnt að skilgreina með tæmandi hætti hvaða efni falli undir bannreglu 1. mgr. 28. gr. Til fyllingar megi þó segja að meginregla 1. mgr. 28. gr. nái til efnis sem vegna inntaks, efnistaka eða siðferðisboðskapar geti vegna orðfæris eða athafna ógnað velferð barna. Við mat á þessu hljóti að verða horft til viðmiða í öðrum lögum sem með sama hætti er sérstaklega ætlað að vernda



## FJÖLMÍÐLANEFND

hagsmuni barna að þessu leyti, svo sem laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum nr. 62/2006.<sup>1</sup> Þá segir í athugasemdunum við 28. gr. að við alla reglusetningu af þessu tagi sé þó nauðsynlegt að gæta þess að eðlilegt jafnvægi ríki á milli þeirra ráðstafana sem gerðar eru til að vernda líkamlegan, andlegan og siðferðilegan þroska barna annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar. Í þessu skyni sé því farin sú leið að gera í 2. mgr. 28. gr. undantekningar frá meginreglu 1. mgr. 28. gr. um almennt bann að þessu leyti.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla er heimilt eftir kl. 22 föstudags- og laugardagskvöld og eftir kl. 21 önnur kvöld vikunnar og til kl. 5 á morgnana að miðla efni í línulegri dagskrá sem ekki er talið við hæfi barna að því tilskildu að á undan því sé birt skýr viðvörðun og það sé auðkennt með sjónrænu merki, þegar um miðlun myndefnis er að ræða, allan þann tíma sem efninu er miðlað. Þetta ákvæði hefur verið kallað vatnaskilaákvæðið þar sem skilgreind tímasetning markar „vatnaskil“ varðandi það hvenær heimilt er að sýna efni sem ekki er við hæfi barna. Fjölmiðlanefnd hefur túlkað vatnaskilaákvæðið með þeim hætti að það taki til efnis sem ekki er við hæfi barna yngri en 12 ára. Efni sem hefur aldursmatið „12“ og hærra er því óheimilt að sýna fyrir vatnaskil.<sup>2</sup>

Samkvæmt b-lið 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla er heimilt að miðla efni í línulegri dagskrá sem ekki er talið við hæfi barna að því gefnu að tryggt sé með viðeigandi tæknilegum ráðstöfunum að útsendingin nái ekki til barna. Með tæknilegum ráðstöfunum í þessu sambandi er t.d. átt við aðgangskóða, síunarkerfi og aðrar sambærilegar ráðstafanir.

Undantekningarákvæði a- og b-liðar 2. mgr. 28. gr. taka ekki til hljóð- og myndefnis sem getur haft *alvarleg skaðvænleg áhrif* á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, en það er alfarið bannað að sýna slíkt efni í línulegri dagskrá, sbr. 3. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla.

## 2.

Vernd barna gegn skaðlegu efni verður alltaf að vega og meta í ljósi annarra mikilvægra réttinda í lýðræðissamfélagi. Þar á meðal er réttur til tjáningarfrelsis samkvæmt 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur var hér á

<sup>1</sup> Í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 62/2006 er gerð krafa um að verklagsreglur um aldursmat styðjist við alþjóðlega viðurkennd skoðunarkerfi fyrir kvikmyndir og fyrir liggur að aldursmatskerfið Kijkwijzer er það kerfi sem ábyrgðaraðilar hér á landi, þ.m.t. Sýn hf., hafa ákveðið að nota.

<sup>2</sup> Fjölmiðlanefnd: *Leiðbeiningar fyrir fjölmiðla um vernd barna gegn skaðlegu efni* (júní 2015), bls. 5.



## FJÖLMIÐLANEFND

landi með lögum nr. 62/1994. Óumdeilt er að fjölmiðlar njóta verndar tjáningarfrelsis samkvæmt framangreindum ákvæðum. Einnig ber að líta til ákvæða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 19/2013. Þar kemur m.a. fram að aðildarríki skuli sjá til þess að börn hafi aðgang að upplýsingum og efni af ýmsum uppruna í fjölmiðlum, sbr. 17. gr. sáttmálans. Þá segir í e-lið 17. gr. að aðildarríki skuli stuðla að því að mótaðar verði viðeigandi leiðbeiningarreglur um vernd barns fyrir upplýsingum og efni sem skaðað getur velferð þess.

Í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar er gert ráð fyrir að takmarka megi tjáningarfrelsi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sbr. einnig 2. mgr. 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Skilyrðin eru þau að það sé skýr lagastoð fyrir takmörkun í þágu tiltekinna verndarsjónarmiða, þ.e. í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra. Þá verða takmarkanir að teljast nauðsynlegar og samrýmast lýðræðishefðum.

Í því máli sem hér um ræðir er lagastoð til takmörkunar á tjáningarfrelsi í 1. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla, sbr. 2. mgr. 28. gr. laganna. Þau markmið sem búa að baki ákvæðinu eru vernd barna fyrir upplýsingum og efni sem skaðað getur velferð þeirra og þroska. Að mati Fjölmiðlanefndar verður að telja að þær skorður sem fjölmiðlum eru settar með 1. og 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla rúmist innan 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 2. mgr. 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Í þessu sambandi ber að taka fram að sýningar á efni, sem haft getur skaðvænleg áhrif á börn, eru ekki alfarið bannaðar í línulegri dagskrá, heldur eru gerðar þær undantekningar sem áður hafa verið rektar, sbr. a- og b-lið 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla. Af athugasemdum við 28. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla verður ráðið að með þessu móti sé gætt að jafnvægi milli sjónarmiða um vernd tjáningarfrelsis annars vegar og vernd barna og ungmenna gegn skaðlegu efni hins vegar.

### 3.

Í svarerindi Sýnar, dags. 6. október 2025, kemur fram að þáttur úr þáttaröðinni *Knutby* hafi verið sýndur á sjónvarpsstöðinni SÝN sunnudaginn 31. ágúst 2025 kl. 20:55, þáttur úr þáttaröðinni *Grantchester* hafi verið sýndur mánudaginn 1. september 2025 kl. 20:25 og þáttur úr þáttaröðinni *S.W.A.T.* hafi verið sýndur fimmtudaginn 4. september 2025 kl. 20:05.

Samkvæmt hollenska aldursmatskerfinu Kijkwijzer frá NICAM, sem ábyrgðaraðilar, þ. á m. Sýn, nota við framkvæmd laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum nr. 62/2006, fengu framangreindar þáttaraðir aldursmerkinguna „12“, þ.e. ekki við hæfi barna yngri



## FJÖLMIÐLANEFND

en 12 ára. Þáttaröðin *Knutby* (sería 2) hlaut aldursmerkinguna „12“ vegna þess að þar kemur fram ofbeldi, kynferðislegt efni og gróft orðbragð. Þáttaröðin *Grantchester* (sería 10) hlaut sömu aldursmerkingu vegna þess að í henni kemur fram ofbeldi, gróft orðbragð og misnotkun áfengis og/eða vímuefna. Þá hlaut þáttaröðin *S.W.A.T.* (sería 8) aldursmerkinguna „12“ vegna þess að þar kemur fram ofbeldi, ógnvekjandi atriði og gróft orðbragð. Eins og að framan greinir hefur Fjölmiðlanefnd túlkað vatnaskilaákvæðið í a-lið 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla með þeim hætti að óheimilt sé að miðla efni sem fengið hefur aldursmerkinguna „12“ og hærra fyrir en eftir kl. 21 á virkum dögum og sunnudögum.

Af skýringum Sýnar verður ráðið að fjölmiðlaveitan viðurkenni að hafa sýnt umrædda þætti fyrir vatnaskil, þ.e. fyrir kl. 21 umrædda daga, í bága við 1. og 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla og hafi gripið til tiltekinna aðgerða til að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Þannig segir í svarerindi Sýnar, dags. 27. febrúar 2026, að í kjölfar erindis Fjölmiðlanefndar hafi Sýn brugðist tafarlaust við og hafi breytt verklagi sínu varðandi aldursmerkingar og innleitt kerfisbundnar og varanlegar úrbætur sem tryggi að sambærileg atvik geti ekki endurtekið sig. Sýn hafi breytt verkferlum sínum þannig að dagskrárliðir, sem háðir eru aldurstakmörkunum og heyra undir vatnaskilaákvæðið, séu nú læstir í útsendingarkerfum fjölmiðlaveitunnar með upphafstíma kl. 21. Þetta þýði að kerfið komi í veg fyrir að starfsmenn geti óvart hliðrað eða fært upphafstíma slíkra þátta fram fyrir vatnaskil, óháð því hvort dagskrárliðir á undan hafi reynst styttri en áætlað var. Í tilefni af þessum skýringum Sýnar áréttar Fjölmiðlanefnd að vatnaskil eru kl. 21 á virkum dögum og sunnudögum og kl. 22 á föstudags- og laugardagskvöldum. Óheimilt er að miðla myndefni, sem ekki telst við hæfi barna yngri en 12 ára, í línulegri dagskrá fyrir en eftir kl. 22 á föstudags- og laugardagsskvöldum. Það nægir því ekki að læsa dagskrárliði með aldursmerkinguna „12“ eða hærra kl. 21 á föstudags- og laugardagskvöldum þar sem vatnaskil eru þá kl. 22.

### 4.

Þegar litið er til alls framangreinds er það niðurstaða Fjölmiðlanefndar að Sýn hafi brotið gegn 1. og 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla með því að sýna þátt úr þáttaröðinni *Knutby* sunnudaginn 31. ágúst 2025 kl. 20:55, þátt úr þáttaröðinni *Grantchester* mánudaginn 1. september 2025 kl. 20:25 og þátt úr þáttaröðinni *S.W.A.T.* fimmtudaginn 4. september 2025 kl. 20:05 á sjónvarpsstöðinni SÝN, enda var óheimilt að miðla umræddu myndefni, sem ekki er talið við hæfi barna yngri en 12 ára, í línulegri dagskrá fyrir en eftir kl. 21 á umræddum dögum, sbr. a-lið 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla.



## FJÖLMIÐLANEFND

Samkvæmt h-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla leggur Fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á fjölmiðlaveitur vegna brota á 1.-3. mgr. 28. gr. laganna um vernd barna gegn skaðlegu efni. Með fjölmiðlaveitu er átt við einstakling eða lögaðila sem starfrækir fjölmiðil, sbr. 14. tölul. 2. gr. laga um fjölmiðla. Samkvæmt 4. mgr. 55. gr. laganna verður stjórnvaldssektum beitt óháð því hvort brot eru framin af ásetningi eða gáleysi. Samkvæmt 5. mgr. 54. gr. sömu laga geta sektir numið allt að 10 millj. kr. Við ákvörðun sektar skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots og tekna fjölmiðlaveitu af broti þegar það á við. Falla má frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta. Í slíku tilviki er Fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með útgáfu álits sem birt er á vefsíðu hennar, sbr. 6. mgr. 54. gr. laganna. Brot gegn 1.-3. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla geta einnig varðað refsingu samkvæmt h-lið 1. mgr. 56. gr. laganna ef sakir eru miklar.

Fjölmiðlanefnd telur ekki ástæðu til að falla frá sektarákvörðun í málinu þar sem Sýn átti að vera fullkunnugt um þær reglur sem gilda á þessu sviði. Með vísan til framangreindrar niðurstöðu hefur Fjölmiðlanefnd ákveðið að leggja stjórnvaldssekt á Sýn í samræmi við h-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla. Telur Fjölmiðlanefnd hæfilegt að sektin nemi 500.000 kr. Við ákvörðun sektarfjárhæðar var litið til eðlis brotsins og atvika máls að öðru leyti.



FJÖLMIÐLANEFND

### III. Ákvörðunarorð

Sýn hf. braut gegn 1. og 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með sýningu þáttar úr þáttaröðinni *Knutby* sunnudaginn 31. ágúst 2025 kl. 20:55, þáttar úr þáttaröðinni *Grantchester* mánudaginn 1. september 2025 kl. 20:25 og þáttar úr þáttaröðinni *S.W.A.T.* fimmtudaginn 4. september 2025 kl. 20:05 á sjónvarpsstöðinni SÝN.

Sýn hf. greiði 500.000 kr. í stjórnvaldssekt.

Einar Hugi Bjarnason

María Rún Bjarnadóttir

Erla Skúladóttir

Róbert H. Haraldsson